

málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns í málinu, Björns P. Kalman hrm., er þykja hæfilega ákveðin 150 krónur. Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Föstudaginn 19. febrúar 1937.

Nr. 2/1934. **Helgi Pálsson f. h. Sildarstöðvarinnar í Hrísey** (Eggert Claessen)
gegn

Skilanefnd Sildareinkasölu Íslands
(Lárus Fjeldsted).

Krafa um greiðslu verkunarlauna fyrir verkun sildar o. fl.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 2. sept. 1933: Hin aðalstefnda, skilanefnd Sildareinkasölu Íslands í Likvidation, greiði úr búi Sildareinkasölunnar sem almenna kröfu til aðalstefnanda, Helga Pálssonar f. h. Sildarstöðvarinnar í Hrísey, kr. 8487.58 svo og kr. 300.00 upp í málskostnað.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess hér fyrir réttinum aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 34900.31, að viðurkenndur verði forgangsréttur þessarar kröfu í búi Sildareinkasölu Íslands, skv. 83. gr. skiftalaganna frá 1878, að viðurkenndur verði haldsréttur áfrýjanda í munum Sildareinkasölu Íslands, þeim er teknir voru með úrskurði, uppkveðnum 23. jan. 1932 í fógetarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar af áfrýjanda, og að viðurkennt verði, að kröfur hans njóti forgangsréttar í kr. 1000.00, sem stefnda var gert að setja sem tryggingu, þegar fógeti tók þessa muni úr

vörzlum áfrýjanda. Þá krefst áfrýjandi þess, að hann verði algerlega sýknaður í gagnsök í héraði. Loks krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og hæstarétti eftir mati hæstaréttar. Til vara krefst áfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati réttarins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati réttarins.

Máli þessu hefir ekki verið gagnáfrýjað, og koma því hér fyrir réttinum til athugunar einungis þær kröfur áfrýjanda, sem ekki voru teknar til greina í héraði.

Svo sem nánar segir í hinum áfrýjaða dómi, hefir áfrýjandi lagt fram reikning fyrir viðskipti sín við Sildareinkasöluna árið 1931 og tilfærir hann þar bæði kröfuliði sína og það, sem hann telur sig hafa fengið greitt upp í þá. Af þeim sjö kröfuliðum, sem áfrýjandi þannig tilfærir, eru fimm algerlega teknir til greina í héraði, og er því skv. framansögðu enginn ágreiningur um þá hér fyrir réttinum. Þeir tveir liðir, sem ekki er að öllu leyti fallizt á í héraði, eru: Krafan um verkunarlaun á sild 1931 kr. 93819.62, sem ekki var orðið við nema að nokkru leyti, og krafan um greiðslur fyrir uppskipun o. fl. kr. 1163.23, en sú krafa var alls ekki tekin til greina. Skulu nú þessir tveir kröfuliðir athugaðir.

1.) Verkunarlaunin. Eins og málið er lagt fyrir hæstarétt, kemur hér einungis til álita, með hverjum hætti verkunarlaunin skuli reiknuð, og þó svo, að krafa áfrýjanda verður aldrei lækkuð um meira en nemur þeim kr. 9219.62, sem ekki voru teknar til greina í hinum áfrýjaða dómi.

Ágreiningurinn um upphæð verkunarlaunanna liggur fyrst og fremst í því, að stefndi telur verkunarlaun fyrir hverja matéssíldartunnu eiga að vera kr. 8.75 á útflutta tunnu, þ. e. að til viðbótar venjulegum verkunarlaunum á saltsíldartunnu kr. 4.50 komi kr. 4.25 til uppbótar vegna sérverkunarinnar. Áfrýjandi heldur því þar á móti fram, að við útreikning á verkunarlaunum fyrir matéssíldina beri að leggja til grundvallar, hversu mikið saltsíldarmagn matéssíldin mundi hafa orðið, ef hún hefði verið veruð sem venjuleg saltsíld. Þetta telur hann eiga að finna með því að bæta 20% við fjölda þeirra matéssíldartunna, sem út eru fluttar. Fyrir þann tunnufjölda, sem þannig er fundinn, telur áfrýjandi verkunarlaunin eiga að vera kr. 4.50 fyrir hverja tunnu. En þeirri upphæð til viðbótar komi síðan kr. 4.25 á hverja matéssíldartunnu, sem útflutt er.

Samþykkt útflutningsnefndar Síldareinkasölu Íslands frá 11. júlí 1931 um verkunarlaun fyrir sérverkaða síld og yfirlýsingar síldareigenda varðandi samninga þeirra um verkunarlaunin við áfrýjanda, sbr. ennfreður samþykktir útflutningsnefndar frá 18. júní 1929 og 18. júní 1930, þykja ekki skera úr um þetta, þar sem orðalag þeirra er ekki fullljóst. Í vottorði dags. 13. apríl 1935 vottar þar á móti Halldór Friðjónsson, sem allan starfstíma Síldareinkasölu Íslands var aðalumboðsmaður hennar í því umdæmi, sem hér um ræðir, að Síldareinkasalan hafi gefið sjómönnum 10% uppbót af matéssaltaðri síld og saltendum 10% að auki — samtals miðað við venjulega saltsíld 20%. Vottorði þessu hefir ekki verið mótmælt af hálfu stefnda né heldur hefir verið mótmælt skýringum málflutn-

ingsmanns áfrýjanda á því hér fyrir réttinum. En skv. þeim skýringum ber að skilja vottorðið svo sem það staðfesti þann skilning, sem af hálfu áfrýjanda hefir verið haldið fram um útreikning á matéssildarverkunarlaunum. Óljóst orðalag þessa vottorðs verður þá að skilja í samræmi við annað vottorð frá sama aðalumboðsmanni, dags. 7. okt. 1935, en þar segir hann, að sér sé ókunnugt um, hvernig samningar Sildareinkasölunnar og saltenda um þau 10%, sem saltendur hafi fengið til uppbótar á matéssild, hafi verið. Hafi það ekki komið starfi sínu við Sildareinkasöluna við. Með þessum vottorðum verður það eftir atvikum að teljast nægilega upplýst, að, auk 4.25 kr. aukagjaldsins á hverja tunnu fyrir matéssildarverkun, hafi saltendum borið 10% uppbót reiknuð á sama hátt og áfrýjandi heldur fram um útreikning á tuttugu prósentunum.

Um fjölda útfluttra matéssildartunna frá áfrýjanda hefir einnig verið nokkur ágreiningur, en með öllu er ósannað, að þær hafi verið fleiri en stefndi heldur fram, eða $8963\frac{1}{2}$, ef í heiltunnum er reiknað, og verður því að leggja þá tölu til grundvallar, enda er samkomulag um það hér fyrir réttinum að miða einungis við útfluttar tunnur, en ekki við þær, sem eftir kunna að hafa verið.

Verkunarlaunin verða því í fyrsta lagi kr. 4.50×9859.85 (þ. e. $8963.50 + 896.35$, sem er 10% af fyrri tölunni), og verða þetta kr. 44369.32. Ennfremur verða þau kr. $4.25 \times 8963.50 = 38094.87$. Verkunarlaunin fyrir matéssild verða því kr. $44369.32 + 38094.87 =$ kr. 82464.19. En auk þess skal taka með í verkunarlaunaliðnum kr. 5220.00 og 949.50, sem hvortveggja eru óumdeildir liðir. Verkunar-

launin verða þá alls kr. 88633.69 og er það kr. 5185.93 lægra en áfrýjandi gerði kröfu til.

2.) Krafa um kr. 1163.23, sem á aðalreikningi áfrýjanda er talin vera fyrir uppskipun o. fl., virðist bæði vera fyrir uppskipun, geymslu og afhendingu á tunnum og salti, sem Sildareinkasalan átti, en var látið í té til notkunar öðrum en áfrýjanda, og fyrir uppskipun á salti, sem meiri kostnaður fylgdi en títt var. Sýnist eðlilegt, að fyrir hvortveggja þetta eignist áfrýjandi kröfu á stefnda, þar sem Sildareinkasalan var eigandi verðmætanna. Kemur það og heim við vottorð nokkurra sildarsaltenda, dags. á Akureyri 13. apríl 1935, en þeir segja það fasta venju, að sildarsaltandi fái slíkan kostnað bættan, og hefir vottorði þessu ekki verið mótmælt. Þar sem ekki hefir heldur verið sýnt fram á, að kröfur áfrýjanda væru í þessu efni of háar, verður að telja stefnda skylt að greiða áfrýjanda þessar kr. 1163.23.

Hefir þá verið sýnt fram á, að taka verður til greina alla kröfuliði áfrýjanda á fyrr umgetnum reikningi hans til stefnda, þó þannig, að á þeim kemur fram 5185.93 kr. lækkun, og ber því stefnda að greiða áfrýjanda skv. þeim reikningi, þegar til lit er tekið til þess, sem áfrýjandinn hafði áður fengið, kr. 29714.38.

Um kröfu áfrýjanda um haldsrétt honum til handa í verðmætum Sildareinkasölunnar er þess að gæta, að áður en fógetaréttarúrskurðurinn 23. jan. 1932 var felldur, lét áfrýjandi þess kost að sleppa þessum verðmætum gegn því, að hann fengi greiddar kr. 779.20, sem hann taldi sig eiga hjá Sildareinkasölunni fyrir geymslu á munum hennar. Með þessu verður að telja áfrýjanda hafa af-

salað sér haldsrétti í þessum verðmætum fyrir öðrum kröfum, sem hann kynni að eiga á einkasölu, og þar sem þær kröfur, sem hann sækir í þessu máli, eru allt aðrar en þær, er hann gerði í sambandi við afhendingu umgetinna verðmæta, er þegar af þeirri ástæðu ekki unnt að viðurkenna nú haldsrétt hans fyrir kröfunum í þessu máli.

Svipuðu máli gegnir um kröfu áfrýjanda um forgangsrétt honum til handa í þeim 1000 krónum, sem gerðarbeiðanda, stefnda hér fyrir réttinum, var gert að setja sem tryggingu, er hann fékk umgetin verðmæti afhent sér. Sú trygging var samkv. hlutarins eðli einungis sett fyrir því, að áfrýjandi fengi greiddar þær kr. 779.20, sem hann þá setti að skilyrði að fá fyrir því að afhenda umgetin verðmæti, og getur hann því ekki notið forgangsréttar í þeirri tryggingu fyrir allt öðrum kröfum.

Þá verður ekki heldur talið, að áfrýjandi eigi skv. 83. gr. skiptalaganna frá 1878 forgangsrétt í búi Sildareinkasölu Íslands fyrir kröfum sínum, því að þær verða ekki taldar til neinna þeirra krafna, sem í þeirri grein getur.

Í gagnsök í héraði var áfrýjandi dæmdur til að þola skuldajöfnuð á kröfum sínum gegn stefnda fyrir kr. 16030.00, sem áfrýjanda var talið skylt að greiða stefnda fyrir tjón, sem stefndi hafði beðið vegna skemmda á sild, er áfrýjandi hafði verkað. Því er að visu neitað hér fyrir réttinum af hálfu áfrýjanda, að um slíkar skemmdir hafi verið að ræða, en sú neitun verður ekki tekin til greina, þar sem það verður að teljast hafa verið in confesso í málflutningnum í héraði, að skemmdir á sildinni hafi komið í ljós eftir að hún var komin til Þýzka-lands. Á hinn bóginn er það allsendis ósannað, að

þær skemmdir hafi verið að kenna ásetningi eða gáleysi áfrýjanda um verkun sildarinnar. Hefir áfrýjandi þvert á móti lagt fram hér í réttinum matsvottorð um alla hina útfluttu sild, og eru þau vottorð frá umboðsmanni Sildareinkasölunnar, sem skv. 12. gr. reglugerðar 19.júlí 1929 skyldi gæta hagsmuna hennar gagnvart saltendum og taka fyrir hennar hönd við sildinni af þeim. Vottorð þessi eru á þá leið, að þegar sildin var flutt út, þ. e. fór úr vörzlum áfrýjanda, hafi hún verið góð, óskemmd, hæfilega söltuð og vel verkuð. Matsvottorðin eru enn fremur studd af síðari vottorðum umboðsmannsins frá 10. okt. 1932 og 29. jan. 1935. Verður að svo vöxnu máli að sýkna áfrýjanda af þessum gagnkröfum stefnda, þar sem álíta verður, að á saltendum hafi, gagnvart Sildareinkasölunni, ekki hvílt frekari bótaskylda en af almennu skaðabótareglunni leiðir. Má því til stuðnings benda á samþykkt útflutningsnefndar frá 19. júní 1931, þar sem felld er tillaga um ábyrgð sildarsaltenda á sildinni gagnvart einkasölunni, en samþykkt tillaga um ábyrgð sildareigenda. En áfrýjandi var einmitt einungis sildarsaltandi, en ekki sildareigandi.

Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, en fyrir hæstarétti þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 500.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Skilaneftnd Sildareinkasölu Íslands, greiði áfrýjanda, Helga Pálssyni f. h. Sildarstöðvarinnar í Hrísey, kr. 29714.38.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 300.00 í málskostnað í héraði og kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er samkvæmt samkomulagi málsaðilja höfðað hér fyrir gestaréttinum með stefnu, útgefinni 8. marz 1932 af Helga Pálssyni f. h. Sildarstöðvarinnar í Hrisey, gegn Skilaneftnd Sildareinkasölu Íslands í Likvidation. Kveður stefnandi sig eiga hjá nefndri Sildareinkasölu kr. 34900.31 og gerir þær kröfur í málinu, að hin stefnda Skilaneftnd verði dæmd til þess að viðurkenna ofangreinda skuld sem skuld Sildareinkasölunnar í Likvidation, er forgangsrétt hafi samkvæmt 83. gr. skiftalaganna frá 12. apríl 1878, eða til vara sem almenna skuld. Svo krefst stefnandi og, að viðurkenndur verði með dómi réttarins haldsréttur hans yfir þeim eignum Sildareinkasölunnar, sild o. fl., er stefnandi hafði í vörzlum sínum 9. desember 1931, er bú einkasölunnar var tekið til skiptameðferðar. Með framhaldsstefnu, útgefinni 27. júní þ. á., hefir stefnandi þó breytt síðastnefndum lið kröfu sinnar á þá leið, að í stað viðurkenningar á haldsrétti verði viðurkenndur forgangsréttur hans til lúkningar af andvirði muna þeirra, er upphaflega var krafizt haldsréttar yfir, en muni þessa kveður hann hafa verið selda, meðan á rekstri málsins stóð, og hafi verið sett 1000 króna trygging fyrir afhendingu munanna. Krefst hann þess, að viðurkenndur verði forgangsréttur hans til lúkningar af þessum kr. 1000.00. Loks krefst stefnandi málskostnaðar eftir mati réttarins.

Hin stefnda skilaneftnd krefst sýknu í málinu af framangreindum kröfum stefnanda. Þá hefir hún og með gagnstefnu, útgefinni 13. júní 1933, höfðað gagnsök gegn stefnanda og krafizt þess, að hann verði dæmdur til að greiða Sildareinkasölnni kr. 57708.00, en þó ekki hærri upphæð en þá, er kynni að verða tekin til greina af kröfum aðalstefnanda í aðalmálinu og með skuldajafnaði við

þá upphæð. Svo krefst gagnstefnandi og málskostnaðar í báðum málum eftir mati réttarins.

Tildrög málsins kveður aðalstefnandi vera þau, að sumarið 1931 hafi hann verkað sild fyrir Sildareinkasöluna og átt kröfu til þess að fá verkunarlaunin greidd hjá henni, enda hafi hún greitt nokkurn hluta þeirra. En er einkasalan hafi verið tekin til skiptameðferðar, samkvæmt bráðabirgðalögum frá 9. desember 1931, hafi allmikið af verkalaununum enn verið ógreitt. Auk þess hafi verið ógreitt geymslugjald fyrir tunnur, þekklun á sild o. fl., er einkasölunni hafi borið að greiða, þannig að skuld Sildareinkasölnunnar við aðalstefnanda hafi numið hinni umstefndu upphæð, er skiptameðferðin hófst. Hinsvegar hafi hin stefnda skilanefnd hvorki fengizt til að greiða né viðurkenna skuld þessa.

Hin stefnda skilanefnd reisir sýknukröfu sína á því, að Sildareinkasalan beri enga ábyrgð á greiðslu verkunarlaunanna. Sildareigendum hafi verið heimilt að gera sjálfir samninga um söltun sumarið 1931, og hafi einkasalan látið það afskiptalaust.

Áður en nánar er vikið að einstökum atriðum máls þessa, er nauðsynlegt að gera grein fyrir verksviði Sildareinkasölnunnar og afstöðu hennar til þeirra atvinnurekenda, er veiddu eða verkuðu sild þá, er Einkasalan fékk til sölumeðferðar.

Sildareinkasala Íslands var upphaflega stofnuð með lögum frá 15. apríl 1928. Fimm manna útflutningsnefnd skyldi hafa alla yfirstjórn einkasölnunnar. Voru 3 þeirra kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þriggja ára, einn tilnefndur af Verkalyðssambandi Norðurlands, og hinn fimmti kosinn af sildveiðautgerðarmönnum. Daglegan rekstur einkasölnunnar skyldu 3 framkvæmdastjórar annast, er ráðnir væru af útflutningsnefnd.

Verksvið Sildareinkasölnunnar var að annast sölu á allri saltaðri og kryddaðri sild eða verkaðri á annan hátt til útflutnings, þó með þeirri undantekningu, er í niðurlagi 1. gr. einkasölulaganna getur, en sem hér skiptir ekki máli. Heimilt var einkasölunni að ákveða, hvenær verkun sildar til útflutnings skyldi byrja og hætta hvert ár. Gat hún sett umboðsmenn á kostnað sildarútflytjenda til þess að hafa eftirlit með allri vinnu í hverri verstöð, þar

sem sild var verkuð til útflutnings. Var óheimilt að salta, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, nema með leyfi þessara umboðsmanna, en þeir skyldu í samráði við útflutningsnefnd og framkvæmdastjóra ákveða um alla meðferð á sildinni, flokkun eftir gæðum, umbúðir um sildina o. s. frv.

Andvirði sildar þeirrar, er einkasalan annaðist sölu á, skyldi greiða sildareigendum jafnótt og það greiddist til einkasölunnar, eftir því sem unnt væri, en þó að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er leggst í sjóði. Greiðslu til einstakra sildareigenda skyldi miða við meðalverð allrar sildar af sömu tegund og gæðum. Heimilt var einkasölunni að selja innanlands alla þá sild, sem hún taldi ekki tilvinnandi að flytja út.

Í 5. gr. l. 1928 er einkasölunni enn fremur gefin heimild til að taka fé að láni út á sildina. jafnótt og hún er fullverkuð til útflutnings, og greiða sildareigendum og í öðru lagi að liðsinna viðskiptamönnum einkasölunnar um útvegum á tunnum og salti til verkunar sildinni, ef orðið getur án fjárhættu fyrir einkasöluna.

Heimilt var útflutningsnefndinni að takmarka framleiðslu sildar til útflutnings og ákveða fyrirfram, hve mikla sild hver sildarframleiðandi mætti verka til útflutnings. Var tilkynning einkasölunnar um ákvörðunina nefnd veiðileyfi.

Með lögum nr. 44, 14. júní 1929 var einkasölulögunum frá 1928 breytt og lögin síðan gefin út að nýju sem lög nr. 61, 1929. Nú var ákveðið, að framkvæmdarstjórn Sildar-einkasölunnar hefði heimild til að krefjast þess, að þeir, sem veiðileyfi hafa fengið, afhendi einkasölunni ferska sild til söltunar, þar sem því verði við komið, ef framkvæmdarstjórnin telur það nauðsynlegt vegna starfrækslunnar, enda sé sildin útflutningshæf að dómi umboðsmanna einkasölunnar. Framkvæmdarstjórnin sér þá um eða ráðstafar verkun sildarinnar á þann hátt, er henni þykir hentast eftir markaðskröfum á hverjum tíma. Framkvæmdarstjórninni var og heimilt að útvega tunnur, salt og annað efni, sem áætlað var, að með þurfi til sildarverkunar hvert ár og að sjá um verkun og geymslu sildarinnar annaðhvort milliliðalaust eða eftir samningum við ákveðna saltendur.

Þá var og Sildareinkasölunni heimilað að taka lán, fé að láni til þess „að kaupa tunnur, salt og annað efni til sildarverkunar, svo og til þess að greiða framleiðendum upp í sild þá, er þeir hafa afhent einkasölunni, eftir réttum hlutföllum við sildarmagn þeirra, slík lán má taka út á sildina hvort heldur er fyrirfram eða jafnótt og hún er fullverkuð“.

Á fundi útflutningsnefndar 3. júní 1929 var samþykkt tillaga um það, að einkasalan noti sér á því ári heimild laga nr. 44, 1929, og taki þegar á því ári sildina ferska í sínar hendur og semji um framkvæmd söltunarinnar við einstaka menn. Viðaukatillaga var samþykkt á þá leið, að aðalregla skyldi vera, að hverjum þeim, er veiðileyfi hefir, verði gefinn kostur á að ákveða söltunarstað og framkvæma söltunina eftir sérstökum samningum við einkasölustjórnina, enda láti hann henni í té skilríki fyrir því, að hann hafi aðstöðu og öll skilyrði til þess að leysa sildarverkunina vel af hendi.

Samskonar eða svipaðri reglu og þeirri, er samþykkt var á ofangreindum fundi útflutningsnefndar 3. júní 1929, virðist hafa verið fylgt sumarið 1930.

Á fundi útflutningsnefndar 19. júní 1931 var samþykkt, að á því sumri skuli söltunin gefin frjáls þannig, að útgerðarmenn sjálfir semji um hana við söltunarstöðvarnar. Tunnur einkasölnnar og salt, meðan til sé, skuli fyrst og fremst notast til söltunarinnar. Samþykki einkasölnnar komi þó til um nothæfi hverrar söltunarstöðvar og hve mikið sé hægt að salta á henni.

Sömuleiðis ráðstafi einkasalan, hvernig hinum ýmsu tegundum sérverkaðrar sildar sé fyrir komið á stöðvunum. Sildareigendur beri alla ábyrgð á sild sinni, þar til einkasalan hefir veitt sildinni viðtöku. Einkasalan geti ráðstafað söltun frá þeim, sem ekki hafa ráðstafað skipum sínum fyrir 10. júlí.

Á þessum sama fundi útflutningsnefndar (19. júní 1931) var samþykkt í einu hljóði eftirgreind tillaga: „Sildareinkasalan greiðir söltunarlaun beint til saltenda, nema skilríki liggi fyrir um, að þau séu greidd á annan hátt, enda hafi ekki komið fram kröfur um ógreidd vinnulaun“.

Á fundi útflutningsnefndar 23. júní 1931 var samþykkt að „þrátt fyrir breytta aðstöðu með ábyrgð á meðferð sildarinnar skuli þó matsmenn hafðir eins og áður með sömu skyldum og svipuðum réttindum og verið hefir“.

Á fundi útflutningsnefndar 18. ágúst 1931 var ákveðið „útaf málaleitun nokkurra viðskiptamanna einkasölnunnar“, að einkasalan mætti samþykkja ávísanir, sem svarar fullum verkunarlaunum fyrir þá, er þess óska.

Þess skal getið, að í blaðinu „Íslendingur“, sem út kom á Akureyri 23. júní 1931, auglýsti útflutningsnefnd ákvörðun þá, sem tekin hafði verið á fundinum 19. júní, þar á meðal að sildareinkasalan greiði söltunarlaun beint til saltenda, nema skilríki liggja fyrir um, að þau séu greidd á annan hátt, enda hafi ekki komið fram kröfur um ógreidd vinnulaun.

Aðalstefnandi hefir nú að visu ekki samið beint við Sildareinkasöluna um söltun á sild þeirri, sem um ræðir í þessu máli, en rétturinn verður að fallast á það álit hans, að með ofangreindum samþykktum útflutningsnefndar frá 19. júní og 18. ágúst 1931, og auglýsingu þeirri í blaðinu „Íslendingur“, er fyrr um getur, hafi Sildareinkasalan tekið á sig ábyrgð á greiðslu verkunarlauna, sem eigin skuld væri. Heimild til þessarar ákvörðunar hafði hún í 1. gr. laga nr. 61 frá 1929, og mátti aðalstefnandi treysta því, að hann fengi söltunarlaunin greidd beint frá einkasölnunni og þyrfti því ekki að tryggja greiðslu þeirra annarsstaðar frá.

Liggur því næst fyrir að athuga sundurliðun aðalstefnanda á kröfu sinni og mótmæli hinnar stefndu skilanefndar gegn einstökum kröfuliðum.

Samkvæmt framlögðum reikningi sundurliðar aðalstefnandi kröfu sína þannig:

1. Skuld frá fyrra ári (1930)	kr. 1438,53
2. Verkunarlaun á sild 1931	— 93819,62
3. Áþökkun	— 53,00
4. Uppskipun o. fl.	— 1163,23
5. Viðgerð á tunnum o. fl.	— 820,80
6. Viðhald eftir 1. okt. 1931	— 14,60
7. Ýmsir reikningar	— 216,60

kr. 97.526,38

Upp í kröfu þessa kveður aðalstefnandi
 Sildareinkasöluna hafa þegar greitt kr. 62.626,07
 en eftir standi kr. 34.900,31
 eins og stefnt sé fyrir.

Um 1. Þessi liður, skuld frá árinu 1930, hefir engum
 andmælum sætt af hinni stefndu skilaneftnd, og ber því
 að taka hana til greina.

Um 2. Þennan lið sundurliðar aðalstefnandi þannig:

a) Verkunarl. á 1160 tn. saltsildar á 4,50	kr. 5.220,00
b) Verkunarl. á 8662 tn. matés-sildar á 4,50	— 38.979,00
c) Verkunarl. á 4633 ½ hálftn. á 2,25	 — 10.425,37
d) Fyrir sérverkun á 7100 tn. matés-sild (7100 tn. matéssild afskipuð 8662 tn. venjuleg sild á 90 kg.) á 4,25	 — 30.175,00
e) Fyrir sérverkun á 3798 hálftn. matés-sild (3798 hálftn. matés-sild afskipuð = 4633 ½ hálftn. venjuleg sild á 45 kg.) á 2,12 ½	— 8.070,75
f) Aukagjald fyrir að salta í hálftunnur 3798 hálftn. á 0,25	 — 949,50

Samtals krónur 93.819,62

Hin stefnda skilaneftnd heldur því fram, að aðalstefn-
 andi reikni rangt verkunarlaunin af sérverkuðu síldinni.
 Verkunarlaun reiknist alls kr. 8,75 af hverri tunnu, en út
 hafi verið flutt af stöð aðalstefnanda 7095 heiltunnur og
 3737 hálftunnur af sérverkaðri síld. Verkunarlaunin af
 7095 tn. á 8,75 verði kr. 62081,25 og 3737 hálftn. á 4,37 ½
 verði kr. 16349,37, eða samtals kr. 78430,62 í stað kr.
 87650,12 eins og aðalstefnandi reiknaði, sbr. réskj. nr. 4.
 Aðalstefnandi hefir engar sönnur fært á það, að hann
 hafi afhent fleiri sérverkaðar tunnur en hin stefnda skila-
 nefnd hefir viðurkennt samkvæmt framansögðu, né heldur,
 að gjaldið sé reiknað á annan hátt, og lækkar þá þessi
 liður um kr. 9219,50.

Um 3. Stefnda telur borgun fyrir þennan lið, kr. 53,00,
 vera innifalin í greiðslum þeim, er fram fóru til aðal-
 stefnanda. Þar sem greiðslurnar eru færðar til tekna
 einkasölu á heildarreikningi aðalstefnanda, réskj. nr. 3,
 þá verður þessi upphæð ekki dregin frá kröfu hans.

Um 4. Hér reiknar aðalstefnandi sér kr. 1163,23 fyrir
 uppskipun, plássleigu, flutning og afhending á salti og

tunnum. Gegn mótmælum stefnda hefir hann þó ekki fært sönnur á, að Sildareinkasölunni beri að greiða þessi gjöld, og er því ekki unnt að taka þennan kröfulið til greina.

Um 5. Aðalstefnandi reiknar sér hér kr. 820.80 fyrir viðgerð og hreinsun á tunnum. Stefnda hefir að visu mótmælt því, að einkasölunni beri skylda til þess að greiða þennan kostnað.

En á réskj. nr. 16 getur stefnda þess þó, að umsamið gjald fyrir þetta séu 20 aurar fyrir tunnu og kemur það heim við það, sem aðalstefnandi reiknar sér. Verður því þessi liður til greina tekinn.

Um 6. Aðalstefnandi reiknar sér hér kr. 14.60 fyrir viðhald eftir 1. okt. 1931. Í málinu er upplýst, að Sildareinkasalan tók á sig að bera kostnað við viðhald sildar eftir þann tíma, og því þykir verða að samþykkja þennan kröfulið aðalstefnanda, enda eru hér að lútandi mótmæli hinnar stefndu skilanefndar óákveðin.

Um 7. Þennan lið telur stefnda þegar greiddan, og verður þessi upphæð þá af sömu ástæðum og um 3. lið segir ekki dregin frá kröfu aðalstefnanda.

Hin stefnda skilanefnd kveður aðalstefnanda ekki hafa tilfært á reikningi sínum einkasölunni til tekna fragtgreiðslur, er einkasalan hafi lagt út fyrir hann, né heldur andvirði merkistafa, svertu og tunnutappa, og nemi þessar upphæðir til samans kr. 407.50, sem beri að draga frá kröfu hans. Aðalstefnandi hefir mótmælt þessum gjalda-liðum, og þar eð ekki hefir verið gagnstefnt fyrir þeim, er ekki unnt að taka þá til greina.

Niðurstaðan verður því sú, að dómkrafa aðalstefnanda lækkar sem hér segir: Samkv. 2. lið kr. 9219.50 og samkv. 4. lið kr. 1163.23, eða samtals um kr. 10382.73, niður í kr. 24517.58.

Ber því næst að athuga gagnkröfu gagnstefnanda og hvort þar verði um skuldajöfnuð að ræða.

Tilfni gagnstefnunnar kveður gagnstefnandi vera það, að Sildareinkasalan hafi skaðabótakröfu á hendur aðalstefnanda út af skemmdri sild, er hann hafi verkað, og seld hafi verið fyrirfram til Hamborgar, en reynzt ónýtt og skemmd. Hefir hún aðeins selzt fyrir áföllnum kostnaði í Hamborg. Fyrir upphæð skaðabótakröfunnar gerir gagn-

stefnandi svofellda grein: Alls hafi 511 heiltunnur og 2184 hálf-tunnur reynzt ónýtar. Umsamið söluverð hafi verið sem svaraði 36 isl. kr. pr. tunnu. Nemi tjón einkasölunnar þannig ($511 \times 36 + 2184 \times 18$) kr. 57708.00, eins og stefnt er fyrir.

Rétturinn getur nú ekki fallizt á það, að unnt sé fyrir gagnstefnanda að krefjast skaðabóta af aðalstefnanda miðað við umsamið söluverð sildarinnar. Sildareinkasalan átti aðeins að annast sölu fyrir aðra, en var ekki sjálfstæður kaupandi að sildinni. Hinsvegar verður rétturinn að fallast á, að einkasölunni sé heimilt að draga frá kröfu aðalstefnanda andvirði tunna, salts og annars efnis, er hún hafi látið aðalstefnanda í té og greiðast átti með innihaldi tunnanna, er ónýtt reyndist. Ábyrgðin á skemmdunum getur ekki að áliti réttarins fallið á einkasöluna, hvorki samkvæmt einkasölulögunum né samþykktum stjórnenda hennar. Gagnstefnandi hefir í málinu sýnt fram á það, að andvirði tunna, salts o. s. frv. nemi minnst kr. 10.00 pr. tunnu, og verður að álitast, að krafa til endurgreiðslu sé fólgin í gagnkröfu gangstefnanda. Samkvæmt þessu ætti einkasalan rétt á að draga frá kröfu aðalstefnda í aðalsök (kr. $10 \times 511 +$ kr. 5×2184) kr. 16030.00. Er þessi upphæð hefir verið dregin frá kröfu aðalstefnanda í aðalsök, er til greina hefir verið tekin, verða eftir kr. 8487.58. Þá upphæð ber að viðurkenna sem kröfu aðalstefnanda í bú Sildareinkasölunnar í Likvidation.

Engin rök liggja til þess að viðurkenna forgangsrétt ofangreindrar kröfu, eins og aðalstefnandi hefir krafizt, og ekki er heldur unnt að taka til greina kröfu hans um forgangsrétt til tryggingar fjár þess, kr. 1000.00, er sett var, er munir þeir, sem upphaflega var krafizt haldsréttar yfir, voru teknir úr vörzlum aðalstefnanda. Nefnda muni hafði einkasalan látið aðalstefnanda í té með greiðslufresti í hans þágu og voru þau viðskipti ekki þannig vaxin, að haldsréttur gæti stofnast, jafnvel þótt einkasalan hefði, einnig í þágu aðalstefnanda, tekizt á hendur að greiða söltunarkostnaðinn. Krafa aðalstefnanda verður því viðurkennd aðeins sem almenn krafa.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að gagnstefnandi greiði aðalstefnanda kr. 300 upp í málskostnað.

Sökum margvíslegra embættisanna hefir dómur í máli þessu ekki orðið uppkveðinn fyrr en nú.

Mánudaginn 22. febrúar 1937.

Nr. 107/1936. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Karli Guðmundssyni

(Lárus Jóhannesson)

og Guðmundi Skúla Björnssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Tveir menn kærðir fyrir ólöglega áfengissölu.

Annar dæmdur til refsingar, en hinn sýknaður.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. maí 1936: Kærður Karl Guðmundsson greiði 400 króna sekt til menningar-sjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga.

Kærður Guðmundur Skúli Björnsson greiði 400 króna sekt til menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga.

Kærður Karl greiði í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar, hrm., 35 kr. Kærður Guðm. Skúli Björnsson greiði til skipaðs talsmanns síns, Garðars Þorsteinssonar, hrm., í málsvarnarlaun 35 kr. Annar kostnaður sakarinnar greiðist af kærðum in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er það upplýst, að á páskadagskvöld 12. apríl 1936, hringdi maður að nafni Gústaf Kristjánsson í síma til kærða Karls Guðmundssonar á Bæjarbílstöðina, og bað hann um að senda sér eina flösku af „brandy“. Hefir kærður viðurkennt að hafa orðið við beiðni þessari og útvegað og sent